



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Afgreiðslubréf: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um stofnunstýrihóps til að bregðast við auknum vopnaburði meðal ungmenna

Á fundi borgarstjórnar þann 18. október 2022 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs:

Bylgja ofbeldis hefur riðið yfir á meðal íslenskra barna og ungmenna í Reykjavík. Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að settur verði á laggirnar stýrihópur sem kortleggur aukinn vopnaburð eggvopna meðal ungmenna í Reykjavík. Einnig meta viðbrögð borgarinnar sem lýtur að forvörnum. Hópurinn myndi hafa það hlutverk að koma með drög að hugmyndum um hvernig bregðast megi við auknum vopnaburði hjá ungu fólki sem er mikið áhyggjuefni. Tölulegar staðreyndir sýna að útköllum lögreglu og sérsveitar hefur fjölgað í meira magni vegna eggvopna þar sem ungt fólk kemur við sögu sem gerendur. Flokkur fólksins telur mikilvægt að Reykjavíkurborg setji sig í stellingar og leggist yfir stöðuna, viðbrögð, aðgerðir og forvarnir sem lúta að þessari neikvæðu þróun. Verið er að undirbúa breytingu á vopnalögum. Reglur eru þegar vissulega strangar en engu að síður er aukning í að ungt fólk grípi til hnifa með það að markmiði að skaða annan einstakling. Erfitt er að ná utan um skráningu eggvopna. Sá hópur sem hér er lagt til að verði settur á laggirnar mun hafa samvinnu við skóla- og frístundasvið, velferðarsvið og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð og aðra eftir atvikum. Kjarnaspurningin er: Hvernig getur Reykjavíkurborg beitt sér vegna aukins ofbeldis ungmenna þar sem eggvopn koma við sögu?

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill að Reykjavíkurborg gangi rösklega til verks, hefji umræðuna og markvissa vinnu til að sporna við þessari þróun. Þessi tillaga er liður í því að fá upp á borð hugmyndir að fjölbreyttum aðgerðum sem hafa það að markmiði að ná til barnanna, foreldra og annarra sem tengjast börnum í starfi þeirra. Þessi neikvæða þróun kallar enn frekar á að Reykjavíkurborg hraði innleiðingarferli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll börn sem beita ofbeldi þurfa hjálp og hlúa þarf að foreldrum þeirra með ráðgjöf og stuðningi. Mál barna og ungmenna sem beita ofbeldi af einbeittum ásetningi er áfall, ekki aðeins fyrir foreldra og fjölskyldu heldur okkur öll. Í svona málum er ekkert einfalt og varast þarf að draga ályktanir eða dæma. Ótal margt kemur vissulega upp í hugann þegar fréttir berast af börnum sem fara út með vopn í hendi til þess eins að skaða, meiða annan einstakling s.s. Hver er áhrifavaldurinn? Hvaða tilfinningar og aðstæður liggja að baki? Flokki fólksins finnst það of mikil einföldun að kenna netinu og samfélagsmiðlum um allt þótt þar megi án efa finna sterkan áhrifavald. Allt of stór hópur barna er á samfélagsmiðlum sem hafa ekki aldur til þess og eftirlit foreldra með börnum á netmiðlum er mismunandi.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Við sósíalistar viljum brýna á þeirri staðreynd að tekju- og eignajöfnuður, misskipting í samfélaginu, er stór þáttur í aukningu glæpa og ofbeldis og á það jafnt við um ofbeldi



Reykjavíkurborg

meðal ungmenna sem heilla samfélaga. Þegar rætt er um ofbeldi og glæpi er lítið minnst á þessa staðreynd. Ísland er farið að sýna æ meiri sjúkdómseinkenni misskiptingar. Börn lifa við sívaxandi streitu og öfga í sínu lífi. Hlutfall barna sem býr við fátækt eða skort er hærra en það hlutfall meðal almennings alls. Þetta er sjónarmið sem þarf að fá umfjöllun þegar ofbeldi meðal barna og ungmenna er rætt.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun stýrihóps til að bregðast við auknum vopnaburði meðal unglinga

Bylgja ofbeldis hefur riðið yfir á meðal íslenskra barna og ungmenna í Reykjavík. Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að settur verði á laggirnar stýrihópur sem kortleggur aukinn vopnaburð eggvopna meðal ungmenna í Reykjavík. Einnig meta viðbrögð borgarinnar sem lýtur að forvörnum. Hópurinn myndi hafa það hlutverk að koma með drög að hugmyndum um hvernig bregðast megi við auknum vopnaburði hjá ungu fólki sem er mikið áhyggjuefni. Tölulegar staðreyndir sýna að útköllum lögreglu og sérsveitar hefur fjölgað í meira magni vegna eggvopna þar sem ungt fólk kemur við sögu sem gerendur. Flokkur fólksins telur mikilvægt að Reykjavíkurborg setji sig í stellingar og leggist yfir stöðuna, viðbrögð, aðgerðir og forvarnir sem lúta að þessari neikvæðu þróun. Verið er að undirbúa breytingu á vopnalögum. Reglur eru þegar vissulega strangar en engu að síður er aukning í að ungt fólk grípi til hnífa með það að markmiði að skaða annan einstakling. Erfitt er að ná utan um skráningu eggvopna. Sá hópur sem hér er lagður til að verði settur á laggirnar mun hafa samvinnu við skóla- og frístundasvið, velferðarsvið og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð og aðra eftir atvikum. Kjarnaspurningin er: Hvernig getur Reykjavíkurborg beitt sér vegna aukins ofbeldis ungmenna þar sem eggvopn koma við sögu?

Greinargerð

Ekkert okkar hefur farið varhluta af fréttum um aukið ofbeldi meðal ungmenna í Reykjavík sem og víðar og fjölgun stunguárása. Reykjavíkurborg þarf að bregðast við. Fara þarf inn í skólana, íþrótt- og tólmundahreyfinguna í borginni og ná til barnanna og foreldra þeirra.

Setja þarf þessa vinnu af stað hið fyrsta, hefja samtalið. Þegar um börn er að ræða eru gerendur jafnframt þolendur. Snertiflöturinn við börn er í gegnum leik- og grunnskólana og íþrótt- og tólmundahreyfinguna.

Kalla þarf eftir félagslegri umræðu og skerpa á ábyrgð foreldra, skólasamfélagsins og íþrótt- og tólmundahreyfinga. Allir aðilar þurfa að taka ábyrgð og koma að fræðslu og forvörnum. Stoppa þarf þessa þróun með öllum ráðum og dáð.

Lögregla gaf nýverið út yfirlýsingu þar sem hún lýsti áhyggjum yfir auknum vopnaburði í miðbæ Reykjavíkur. Alvarleg hnífstunguárás átti sér stað í miðbæ Reykjavíkur 12. ágúst sl. Allir þeir sem áttu aðild að þeirri árás voru undir 20 ára aldri. Á menningarnótt voru endurteknar hnífstunguárásir þar sem börn undir löngaldri voru gerendur. Af frétttaflutningi að dæma eru þetta fyrst og fremst unglingspiltar. Mörg fleiri tilvik hafa verið síðan þá. Aukinn vopnaburður ungmenna og ofbeldisfullar árásir með vopnum færast í vöxt. Orsakir eru bæði flóknar og margslungnar. Sérfræðingar telja að rekja megi þessa þróun m.a. til fíknivanda og uppeldisvanda.

Unglingar ganga með vopn í vaxandi mæli á sér og beita þeim í átökum. Þetta helst í mörgum tilfellum í hendur við fíkniefnanotkun. Aukin fíkniefnanotkun er hins vegar ekki að mælast í niðurstöðum kannanna Rannsókna og greininga. Þvert á móti sýna niðurstöður að íslensk börn hafa verið að koma betur út sl. 22 ár. Þær rannsóknir hafa sýnt að neysla á öllum tegundum vímuefna hafa dregist saman og þau hafa ekki greint aukningu á ofbeldi meðal barna.

Þetta þarf að skoða nánar. Skilaboðin eru misvísandi, annars vegar niðurstöður um aukna vímuefnaneyslu og vopnaburð ungmenna vs. niðurstöður um að íslensk ungmenni komi betur út nú en áður þegar kemur að ofbeldi og vímuefnum. Hver er raunveruleikinn?

Kaup og sala fíkniefna fer að mestu fram á samskiptaforritum netsins. Allt of stór hópur barna er á samfélagsmiðlum sem hafa ekki aldur til þess og eftirlit foreldra með börnum á netmiðlum er afar mismunandi. Því má jafnframt velta upp í hversu miklum mæli vopnasala til barna undir aldri fer einnig fram á netinu.

Hvernig vopn?

Oftast er um að ræða hnífa en einnig, hnúajárn og hamra og jafnvel öxi. Dæmi eru um að ungmenni gangi um með vopn af þessu tagi í skólanum og eftir skóla. Þau eru einfaldlega geymd í skólatöskunni.

Hér er um raunverulegt vandamál að ræða sem við í borginni verður að taka alvarlega. Það líður varla sú vika að ekki berast fréttir af því að einhver er stunginn eða illa barinn með vopni af einhverju tagi í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða gróf ofbeldisverk. Þetta eru ekki slagsmál heldur hnífstungur og skurðir.

Aukna ofbeldishegðun ungs fólks má einnig sjá í skýrslu Stígamóta fyrir árið 2021. Það vakti athygli hversu margir ofbeldismenn sem leitað hafa til samtakanna hafi verið undir átján ára aldri þegar brotið var framið. Fram kemur í skýrslunni að af þeim 700 brotamönnum, sem upplýsingum var safnað um í fyrra hafi 107 eða 16,7% verið á aldrinum 14 til 17 ára. Þá hafi 66,4% þeirra brotþola sem leituðu til Stígamóta í fyrra verið yngri en átján ára þegar þau voru fyrst beitt kynferðisofbeldi.

Rafhjól eða vespur notaðar til að flýja fljótt af vettvangi

Annað sem vakið hefur athygli þegar þessi mál eru skoðuð er að ungmenni hafa notað rafhjól eða vespur til að þeysast á milli staða og berja einhvern. Erfitt hefur því reynst að finna suma gerendur. Árásir af þessu tagi hafa átt sér stað víða. Algengt er einnig að fórnarlömb og gerendur þekkt ekki heldur mætist í bænum um helgar fyrir tilviljun.

Myndir teknar og myndbönd

Af mörgum ofbeldisbrotum hafa síðan verið teknar ýmist myndir eða myndbönd sem dreift er út á netið með alvarlegum, langvinnum afleiðingum. Gerendur sem taka upp myndbönd og birta á samfélagsmiðlum geta gert ráð fyrir því myndböndin verði aðgengileg á netinu um ókomna tíð. Þetta er þess vegna ekki einungis harmur þolanda heldur geranda líka því myndbandið um að „þú“ hafir niðst á öðrum einstaklingi verður til um aldur og ævi og fylgir í gegnum lífið. Þetta þarf að ræða við börn og minna á að fullorðinslífið er ekki í öðru lífi heldur bíður handan við hornið. T.d. þegar viðkomandi gerandi fer í atvinnuleit, þegar kemur að makavali o.s.frv. er þessi fortíð meitluð í stein.

Reykjavíkurborg þarf að taka stórt skref og leggja línur, hefja umræðuna og markvissa vinnu. Það er gert með því að setja saman hóp sem leggst yfir fjölbreyttar aðgerðir í samvinnu við skólasamfélagið til að ná til barnanna, foreldra og annarra sem tengjast börnum og ungmennum. Sú neikvæða þróun sem hér er lýst kallar enn frekar á að Reykjavíkurborg hraði innleiðingarferli Barnasáttmálans í Reykjavík.